

Fimmeyringurinn

Höf. ókunnur

Felix Körling



A A D A A A F#m

Ef að nú hjá pabba einn fimm-ey-ing ég feng-i, fjarska-leg-a hrif-in og

B7 E7 A A D

glöð ég yrð-i þá. Ég klapp-a skyld-i pabba og kyssa vel og

A E7 E7 E7 A

leng-i og kaup-a síð-an allt sem mig lang-ar til að fá.

Fyrst kaupi ég mér brúðu sem leggur aftur augun
og armbandsúrið fina af fallegustu gerð.
Og af því hvað hún mamma er orðin þreytt á taugum,
þá ætla ég að kaupa bíl í hverja sendiferð.

Hjólhest og járnbraut ég ætla ´ að gefa Geira,
gríðarstóra flugvél ég kaupi fyrir Finn,
svo kaupi ég mér döðlur og súkkulaði ´ og fleira
og síðan skal ég gefa pabba allan afganginn.